Fylgdarlaus börn

Verklag vegna samræmdrar móttöku flóttafólks fyrir fylgdarlaus ungmenni sem náð hafa 18 ára aldri og hafa fengið veitta stöðu flóttamanns.[1]

Verklagið gildir milli fjölmenningardeildar VMST, barnaverndarþjónustu sveitarfélaga og móttökusveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks. Verklagið var unnið í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu Markmiðið með verklaginu er að tryggja samfellu í þjónustu og að ungmenni fái þá þjónustu sem í boði er í samræmdri móttöku flóttafólks og hjá þeim aðilum sem komi að máli ungmennis.

1. Barnaverndarþjónusta sendir, þegar við á, beiðni fyrir fylgdarlaust ungmenni, sem náð hefur 18 ára aldri, í samræmda móttöku flóttafólks í gegnum netfangið refugee@vmst.is. Senda má beiðnina allt að 8-12 vikum áður en ungmennið verður 18 ára. Þetta á einnig við í þeim málum þar sem barnaverndaryfirvöld hafa, með samþykki ungmennisins, ákveðið að þær ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli barnaverndarlaga haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

2. Fjölmenningardeild VMST boðar ungmenni, í samráði við barnaverndarþjónustu, í upplýsingaviðtal eins fljótt og unnt er eftir að beiðni berst. Í því viðtali er aflað upplýsinga um m.a. heilsufar, menntun, tengsl og virkni. Við vinnslu persónuupplýsinga þarf að gæta að öllum þeim lögum og reglum sem um það gilda.[2]

3. Fjölmenningardeild VMST leitast við að para ungmenni sem fyrst við móttökusveitarfélag sem mætir sem best þörfum viðkomandi út frá upplýsingum frá barnaverndarþjónustu. Pörun í samræmda móttöku tekur gildi þegar ungmenni nær 18 ára aldri og skal miða við að ungmenni sé farið úr úrræði á vegum barnaverndarþjónustu eigi síðar en fjórum vikum seinna.

4. Barnaverndarþjónusta skal, í samvinnu við ungmenni og móttökusveitarfélag, tryggja samfellu í þjónustu og búsetu fyrir ungmenni. Móttökusveitarfélag hefur, skv. 7. gr. í þjónustusamningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, 8 vikur til að undirbúa móttöku ungmennis. Mikilvægt er að á þessum tíma fari fram yfirfærsluviðtal milli barnaverndarþjónustu fráfarandi sveitarfélags og móttökusveitarfélags þar sem fram koma m.a. tillögur að áframhaldandi stuðning. Yfirfærslan skal unninn í samráði við ungmennið.

5. Ef tafir verða á því að varanlegt húsnæði finnst eftir að ungmennið hefur náð 18 ára aldri þarf móttökusveitarfélag að upplýsa barnaverndarþjónustu um það og tryggja þarf eftir fremsta megni að ungmennið búi áfram við stöðugleika þar til varanlegt húsnæði finnst. Barnaverndarþjónusta getur ekki lokað máli ungmennis fyrr en búið er að tryggja varanlegt húsnæði og ungmennið er flutt í móttökusveitarfélag.

---

[1] Flóttamaður er einstaklingur sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi og/eða fellur undir 1. mgr. 3. gr. a laga um málefni innflytjenda.

[2] Ef mál er samþætt skv. farsældarlögum má finna heimild fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í 23. gr. farsældarlaganna. Einnig er að finna heimild fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í lögum um málefni innflytjenda sbr. 3. gr. b.